

# Rud Thygesen og Johnny Sörensen


## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er svo sannarlega þess virði að líta inn í vestursal Kjarvalsstaða en þar eru til sýnis húsgögn eftir þá frægu dönsku arkitekta Rud Thygesen og Johnny Sörensen. Allt frá því að þeir félagar útskrifuðust úr húsgagnaháskóla listiðnaðarskólans árið 1966 hafa þeir unnið saman að hinum aðskiljanlegustu verkefnum. Þeir voru jafnvel áður en skólanámi lauk farnir að sanka að sér verðlaunum, sem þeir hafa og gert allar tíð síðan, jafnframt því sem þeir hafa verið heiðraðir af ýmisskonar styrktarsjóðum. Húsgögn eftir þá hafa verið keypt af söfnum austan hafs og vestan m.a. hefur Nútímalistasafnið í New York fest sér verk eftir þá. Það

mætti því vera ljóst af þessari upptalningu, að hér eru engir aukvisar á ferð og sérhverjum verður það ennþá ljósara eftir innlit á hina frábærilega vel uppsettu og vönduðu sýningu, að Kjarvalsstöðum. Vel formuð húsgögn skipta miklu máli á tímum harla ómerkilegrar og staðlaðrar fjöldaframleiðslu á því sviði sem öðrum. Hér er hugsað um allt í senn notagildi, þægindi og fagurt útlit. Við hér heima höfum fengið að kynnst slíkum viðhorfum á nokkrum ágætum sýningum íslenskra húsgagnasmíða, sem ættu að vera árviss viðburður. Húsgögn skipta svo miklu máli í daglegu lífi hvers og eins, hafa áhrif á skap manna og vellíðan og því er hverjum og einum mikill vandi á höndum er hann velur sér slíka hluti í hífýli sín.

Það lætur að líkum, að húsgögn eiga sér langa þróunarsög-



Húsgögn eftir þá félagi Rud Thygesen og Johnny Sörensen.

# TILBOÐ!

## CHRYSLER LE BARON '81

Enn einu sinni getum við boðið fáeina super deluxe Chrysler LeBaron '81 4 dr og station, á ótrúlegu verði. Þetta eru ein-

hverjar hinar mestu „lúxus drossiur“ sem hér er völ á, enda á LeBaron stóran hóp aðdáenda á Íslandi.



Af útbúnaði má nefna: leðurklætt stýrishjól, veltistýri, rafmagnslæst skottlok, rafmagnsrúður, stuðpúða á stuðurum, elektróniska digital klukku, öll gler lituð, hita í afturrúðu, læst mismunadrif, sjálfskiptinu, vökvastýri, aflhemla, sérstaklega bólstruð pluss sæti, auka ljósabúnað, deluxe hljóðeinangrun og m.m.fl.

Við bjóðum þessa bíla á sérstöku verði, sem innifelur afslátt allt að kr. 20.000.00 frá fullu verði.



Verð með afslætti:

|               |       |             |
|---------------|-------|-------------|
| LeBaron Wagon | 6 cyl | Kr. 279.617 |
| LeaBaron 4DR  | 6 cyl | Kr. 262.726 |
| LeBaron 4DR   | 8 cyl | Kr. 266.924 |

(Verð miðuð við gengi pr. 04.02.82).

# Vökull hf.

Ármúla 36 Sími: 84366


ur sem listgrein og engu ómerkari en t.d. byggingarlistin, — um það geta allir sannfærst er skoða hin stóru listasöfn t.d. Ríkislistasafnið í Amsterdam. Kjallari safnsins er heimur út af fyrir sig sem margborgar sig að skoða vel og vandlega, því að þar má sjá marga gimsteinana í eldri húsgagnagerð, — ótrúlega vel hannaða hluti og magnaða í formfegurð sinni.

Þeir félagar Rud Thygesen og Johnny Sörensen ganga fyrst og fremst út frá léttum og einföldum formum er byggjast á samsetningarlögmálum er þeir hafa sjálfir fundið upp. Er hér um að ræða hið snilldarlega lögmál náttúrunnar í samskeitingu greina við trjábolina. Nefna þeir aðferðina „kvistagræðslu“ (Podning). Á sýningunni getur m.a. að líta stílfögur húsgögn fyrir alla aldurshópa og eru þau þrátt fyrir styrkleika sinn svo létt að þau eru vel meðfæranleg einum manni.

Það er gott að fá slíkar sýningar á Kjarvalsstaði af og til og góð tilbreyting frá málverkasýningunum og það er hárrétt að marka þeim tíma á miðjum vetri.

Sjón er sögu ríkari og ættu því sem flestir að leggja leið sína á Kjarvalsstaði á næstunni og skoða vel það sem þar getur að líta.

Listamönnum Rud Thygesen og Johnny Sörensen þakka ég fyrir upplifgandi framlag á íslenskum sýningarvettvangi.



EF ÞAÐ ER  
FRÉTTNÆMT  
ÞÁ ER ÞAÐ Í  
MORGUNBLAÐINU

